



Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Stæði fyrir hreyfihamlaða og breikkun gangstéttar í Hafnarstræti við Pósthússtræti 2.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

1. Að stæði á Hafnarstræti næst Pósthússtræti 2 verði merkt sérstaklega fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Jafnframt er lagt til að þau bifreiðastæði sem nú eru við norðurkant Hafnarstrætis, við Pósthússtræti 2, verði aflögð og gangstéttin breikkuð um það sem því nemur.

Greinargerð

Við endurgerð Pósthússtrætis 2 var gerður rampur til að tryggja aðgengi allra að húsinu sem nú hýsir hótél. Nauðsynlegt er að breikka gangstéttina framhjá rampinum til að tryggja greiða og örugga umferð gangandi vegfarenda um götuna.

Tillagan er í samræmi við deiliskipulag og umferðarskipulagi Kvosarinnar.


Bílastæðin á þessum kafla eru í dag fjögur. Tillagan gerir ráð fyrir að eitt þeirra breytist í stæði fyrir hreyfihamlaða en að hin falli niður.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Mynd af forhönnun breytinga í Hafnarstræti við Pósthússtræti 2.



Mynd 1 Forhönnun breytinga í Hafnarstræti við Pósthússtræti 2.